

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokksins um heilsdags- og heilsársstörf í leikskólum og frístundaheimilum***

Á fundi borgarráðs þann 18. ágúst 2022 var svohljóðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heilsdags- og heilsársstörf í leikskólum vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem skulu vinna að sameiginlegri umsögn í samvinnu við stýrihóp um uppbyggingu leikskóla í Reykjavík:

*Lagt er til að starfsmönnum frístundaheimila verði boðið upp á heilsdags- og heilsársstörf. Þannig munu starfskraftar þeirra nýtast fyrri hluta dags við leikskólana en seinni hlutann við frístundaheimilin.*

### **Umsögn**

Síðan að frístundaheimilin í Reykjavík tóku til starfa, hefur starfsfólki frístundaheimila sem eru í hlutastarfi gefist kostur á að vera í fullu starfshlutfalli og starfa í viðkomandi grunnskóla eða annarri starfsemi skóla- og frístundasviðs.

Með tilkomu verkefnisins Betri borg fyrir börn mun verða lögð enn meiri áhersla á að bjóða öllum heilsdags- og/eða heilsársstörf sem það vilja. Það verður gert með þéttu samstarfi fagstjóra leik- og grunnskóla, og framkvæmdarstjóra frístundamiðstöðva í hverri miðstöð í Reykjavík.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið umsögnina og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,  
Helgi Grímsson,  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar